# ECODIGITAL VERKEFNI

# FRÉTTATILKYNNING | JÚLÍ 2024

## ECODIGITAL TILRAUNA VERKEFNI Í GRUNNSKÓLANUM CENTRUL JUDETEAN DE EXCELENTA GALATI

**Galati, Romania - Júlí 2024** - EcoDigital Curriculum tilrauna verkefnið fór fram í Galati County Centre of Excellence í maí og júní 2024. Verkefnið var unnið með nemendum á aldrinum 13-15 ára og 10-12 ára þar sem sjö kennarar og 89 nemendur tóku þátt ásamt 37 yngri nemendum og tveimur kennurum þeirra.

EcoDigital námskráin miðar að því að samþætta sjálfbærni og stafræna ábyrgð nemenda og kennara. Verkefnið fékk jákvæð viðbrögð nemenda og kennara sem upplifðu námskrána bæði spennandi og nýstárlega.

Nemendur deildu skoðunum sínum og innsýn er varðar umhverfisábyrgð:
„Ég lærði að það er ekki gott að eyða miklum tíma í síma, ekki skipta þeim of oft út og kaupa nýjan og að hlusta á tónlist í gegnum hljóðskrá (media file) ," sagði Iris F.

"Mér fannst mjög gaman í hópumræðunum! Það var skemmtilegt að hlusta á hugmyndir annarra, hvernig hægt er að draga úr stafrænu rusli í skólanum og heima" sagði Sofia O.

Maria A. bætti við og sagði: "Ég vissi ekki hversu mikil áhrif gömul tæki og tól gætu haft. Núna skil ég mikilvægi þess að flokka gömul raftæki".

Tilraunaverkefnið sýndi fram á mikilvægi EcoDigital námsefnisins til að efla umhverfisábyrgð og stafræna sjálfbærni meðal nemenda auk þess að undirstrika mikilvægi þess að samþætta álíka verkefni í námskrá.

Co-funded by the European Union

EcoDigital is an Erasmus+ project
Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.

[Project number: 2022-1-IS01-KA220-SCH-000086751]